

Mannlíf og minningar  
mætast í kvöld.  
Heillar enn heimurinn  
fyr' hálfri nær öld  
Hunangsblíð  
hippatíð,  
hamingja og trú  
á framtíð og fullnægju  
sem flest eigum nú.

Meikupp og minipils,  
mjó á skóm tá.  
Enginn á eigin bíl,  
við öll gengum þá.  
Túpering,  
ælæner,  
tár svört á kinn.  
Mikið var indæll þá  
ungdómurinn.

Hefðirnar,  
hormónar,  
herramenn og víf -  
Alla daga árin þau  
var yndislegt líf.

Brilljantín og betri föt,  
blúnduskyrta góð,  
nístingsköld úr næloni,  
nærri fraus blóð.  
Angandi,  
gangandi  
öll á dansleikinn.  
Mikið var indæll þá  
ungdómurinn.

Hefðirnar,  
hormónar,  
herramenn og víf -  
Alla daga árin þau  
var yndislegt líf.

Alltaf  
við erum  
hér alsæl og kát.  
Með vinum og vinkonum  
á vináttubát.  
Traust er hönd,  
bræðrabönd,  
björt minning, hlý,  
yljar á ögurstund  
og eflir á ný.

Vináttan,  
virðingin,  
veitir skjól og hlíf.  
Alla daga árin öll  
við eigum gott líf.

Alltaf  
við erum  
hér alsæl og kát.  
Með vinum og vinkonum  
á vináttubát.  
Traust er hönd,  
bræðrabönd,  
björt minning hlý,  
yljar á ögurstund  
og eflir á ný.